

Alþingi
Erindi nr. P 133/252
komudagur 24.11.2006

Reykjavík, 23. nóvember 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlagaákvæði), 232. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum nokkurra laga er varða stjórn fiskveiða og eru viðurlög ýmist skýrari, hert eða milduð.

Í 1. gr. er heimild Fiskistofu til að heimila einstökum aðilum endurvigtun á afla sem er til bóta.

Í 2. gr. er Fiskistofu heimilað að veita hlutaðeigandi útgerð við minna brot, skriflega áminningu við fyrsta brot sem er jákvætt.

Í 2. mgr 3. gr. eru óþarflega þröng tímamörk þar til hægt er að veita vigtunarleyfi aftur eftir afturköllun, annarsvegar 12 vikur og við ítrekað brot 26 vikur.

Lagt er til að 12 vikna ákvæðið lækki í 6 vikur í samræmi við 2.mgr. 2. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. er Fiskistofu heimilt að beita skriflegri áminningu við minni háttar brot og er það vel.

Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamband fiskeldisstöðva gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið og styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum með ofangreindum breytingum.

Virðingarfyllst,

F.h.
Samtaka fiskvinnslustöðva og
Landssambands fiskeldisstöðva



Guðbergur Rúnarsson